



Rangárþing ytra
Vt. Ágúst Sigurðsson
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

Gunnarsholti 26.11 2018.

Efni: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ á árinu 2018.

Frá árinu 1990 hefur Landgræðsla ríkisins verið í samstarfi við fjölmarga bændur um uppgræðslu á gróðursnaudum svæðum á heimalöndum þeirra í verkefninu „Bændur græða landið“ (BGL). Samstarfið felst í að Landgræðslan styrkir þátttakendur til áburðarkaupa, leggur til fræ og veitir faglega ráðgjöf við uppgræðslu landsins en landeigendur sjá um allar verklegar framkvæmdir vegna þessa. Ávinningur samstarfsins er margþættur. Fyrst má nefna að bændur hafa stöðvað gróður- og jarðvegsrof á þúsundum hektara lands undir merkjum verkefnisins og vistkerfi þessara röskuðu svæða að sama skapi verið byggð upp á ný. Þannig hefur verkefnið breytt ásýnd heilu sveitanna til hins betra, bætt beitarnýtingu úthaga, stuðlað að aukinni gróðurvernd og byggt upp öflugt tengslanet milli bænda og Landgræðslunnar.

Í Rangárþingi ytra voru 25 þátttakendur í verkefninu árið 2018. Þeir báru á 53,6 tonn af áburði á um 266 ha lands. Framlag Landgræðslu ríkisins til áburðarkaupa í sveitarfélaginu var á árinu 2018 kr. 2.492.400,-. Landgræðslan telur þetta samstarfsverkefni eitt af sínum mikilvægari verkefnum og leitar því fjárstuðnings Rangárþings ytra við það. Stuðningur sveitarfélaga við verkefnið er mjög mikilvægur þar sem hann styrkir viðgang þess og eykur líkur á aðkomu fleiri bænda og annarra landeiganda að landbótum. Undanfarin ár hafa mörg sveitarfélög í landinu lagt verkefninu lið með fjárframlögum.

Önnur verkefni: sex verkefni í sveitarfélaginu fengu framlag úr Landbótasjóði Landgræðslunnar að upphæð alls um 6.880.000 kr. Þessir fjármunir fóru til stærri uppgræðsluverkefna.

Landgræðslan fer þess vinsamlega á leit við Rangárþing ytra að BGL og önnur verkefni ársins 2018, hljóti fjárstuðning að upphæð alls **200.000,- kr.**

Ef frekari gagna um verkefni Landgræðslunnar á svæðinu er óskað, þá vinsamlegast hafið samband við neðangreindan héraðsfulltrúa.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslu ríkisins

Magnús Þór Einarsson
Magnús Þór Einarsson,
Héraðsfulltrúi

